

Erindi íbúa í hverfinu til íbúaráðs Grafarvogs, dags. 10. október 2020, um skjólbelti og umferð stærri ökkutækja í Rimahverfi.

Ég bý í einu af efstu raðhúsunum við Langorminn, göngugötuna sem liggur í gegnum Rimahverfið. Umferðin hefur farið jafnt og þétt vaxandi eftir Borgarveginum og stærðar flutningabílar eru þar linnulaust á ferðinni með tilheyrandi mengun, hávaða, bensínfýlu og ljósa.

Mikið beltí hávaxinna grenitrjáa á gatnamótum Borgarvegar og Langarima teygir sig til vesturs, ásamt mörgum lögum af fallegum blómstrandi runnum hafa bjargað því sem hægt var að bjarga. Þessi beltí hafa fyllt á milli götunnar og göngugötunnar sem liggur með Borgarveg og hefur bæði glatt geð og verið athvarf fugla og ekki síst skermað hávaðann, mengunina og ljósaganginn í skammdeginum, þ.e. allt sem fylgir þessari hræðilegu flutningabíla og annarra bíla umferð.

Svo byrjaði einhver tiltekt í fyrra að runnarnir flestir voru fjarlægðir sem var af því góða ef ætti að endurnýja. Og núna síðustu vikur er búið að grisja grenitrén þannig að hávaðinn, mengunin, ljósagangurinn veður yfir okkur.

Ég er sannfærð um að skipulagið með þessu beltí hafi verið til skapa mön þarna á milli og gefa íbúum frið. Eflaust eru allir mjög ánægðir með að það sé lagað til í þessum trjábeðum en að rífa upp tré og runna til að tyrfa og setja gras sem oftast er lítið um að sé slegið er með ólíkindum.

Erindið er að benda á þessa þungaflutninga sem eiga ekki að eiga sér stað í miðju íbúahverfi eftir Borgarvegi sem sker hverfið og beina þessari umferð eftir Strandveginum í staðinn. Mætti lækka þarna hraða til dæmis.

Helst af öllu skora ég á íbúaráðið að láta lagfæra þessa hávaðamön og planta þarna trjám og runnum. Við sjáum hvað gengur vel að halda hringtorgunum fínum að þetta ætti ekki að vera mikið vandamál hjá Borginni.

Kærar kveðjur

Ása Kristín Jóhannsdóttir

Laufrima ■

